

REGLUGERÐ

um þvingunaraðgerðir varðandi Myanmar.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Reglugerð þessi er sett til þess að framfylgja ákvæðum um þvingunaraðgerðir sem íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að framfylgja á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórna aðildarríkja Evrópusambandsins og Fríverslunarsamtaka Evrópu um pólitísk skoðanaskipti, sem er hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993.

Í þeim gerðum sem vitnað er til í 2. gr., og öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar, kemur fram um hvaða ályktanir Evrópusambandsins er að ræða, hverjar þær þvingunaraðgerðir eru sem koma eiga til framkvæmda og gegn hverjum þær beinast, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

2. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi gerðir Evrópusambandsins um þvingunaraðgerðir skulu öðlast gildi hér á landi með þeirri aðlögun sem getið er um í 3. gr.:

1. Ákvörðun ráðsins 2013/184/SSUÖ frá 22. apríl 2013 um þvingunaraðgerðir gegn Myanmar/Burma og niðurfellingu ákvörðunar 2010/232/SSUÖ, fylgiskjal 1.
 - 1.1 Ákvörðun ráðsins 2014/214/SSUÖ frá 14. apríl 2014 um breytingu á ákvörðun 2013/184/SSUÖ, fylgiskjal 2.
2. Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 401/2013 frá 2. maí 2013 um þvingunaraðgerðir að því er varðar Myanmar/Burma og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 194/2008, fylgiskjal 3.

Viðaukar við framangreindar gerðir eru birtir á frummáli, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Framangreindar gerðir binda einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir án frekari lögfestingar, eftir því sem við getur átt, þ.m.t. ákvæði um viðskiptabann, landgöngubann og frýstingu fjármuna.

3. gr.

Aðlögun.

Gerðir skv. 2. gr. skulu aðlagðar með eftirfarandi hætti:

- a) ákvæði varðandi ríkisborgara, einstaklinga, fyrirtæki, stjórnvöld, opinberar stofnanir, tungumál, yfirráðasvæði eða aðildarríki Evrópusambandsins („EB“, „ESB“, „Bandalagsins“ eða „sameiginlega markaðarins“) eiga við um íslenska ríkisborgara, einstaklinga, fyrirtæki, stjórnvöld, opinberar stofnanir, tungumál, yfirráðasvæði eða Ísland, eftir því sem við á,
- b) ákvæði um tilkynningar eða skýrslugerðir til aðildarríkja Evrópusambandsins eða stofnana þess gilda ekki. Hið sama á við um ákvæði um gildistöku eða hvenær gerðir skuli koma til framkvæmda,
- c) tilvísanir í gerðir, sem eru hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins), eiga við um þau ákvæði íslensks réttar sem innleiða þær gerðir, eftir því sem við á,
- d) tilvísanir í gerðir, sem eru ekki hluti EES-samningsins, eiga við um hliðstæð ákvæði íslensks réttar, eftir því sem við á, þ.m.t. ákvæði tollalaga nr. 88/2005,
- e) tilvísanir í eldri ákvæði um þvingunaraðgerðir Evrópusambandsins eiga við um eldri íslensk ákvæði, eftir því sem við á,
- f) vefsetur með upplýsingum um lögbær stjórnvöld á Íslandi er: www.utn.is/thvingunaradgerdir.

4. gr.

Tilkynning.

Birting lista yfir aðila, sem nefndir eru í gerðum skv. 2. gr., skal skoðast sem tilkynning til þeirra um að þær þvingunaraðgerðir sem kveðið er á um í gerðunum beinist gegn þeim og er þeim bent á að þeir geti sótt um vissar undanþágur til utanríkisráðuneytisins eða óskað eftir afskráningu af listum, telji þeir sig ranglega skráða.

5. gr.

Undanþágur frá þvingunaraðgerð.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá þvingunaraðgerðum, sem gripið hefur verið til, af mann-úðarástæðum eða öðrum ástæðum. Hann getur m.a. heimilað að efndir séu samningar eða að fullnægt sé öðrum réttindum og skyldum, sem fara í bága við reglugerð þessa en stofnuðust fyrir gildistöku hennar.

6. gr.

Viðurlög.

Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skal sæta viðurlögum skv. 10. gr. laganna, nema þyngri viðurlög liggja við samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi:

- a) a-liður 2. gr. reglugerðar um þvingunaraðgerðir sem varða Búrma/Mýanmar, Egyptaland, Gíneu, Íran, Líbýu og Sýrland nr. 870/2011 og
- b) reglugerð nr. 581/2012 um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir sem varða Búrma/Mýanmar, Egyptaland, Gíneu, Íran, Líbýu og Sýrland nr. 870/2011.

Utanríkisráðuneytinu, 2. mars 2015.

Gunnar Bragi Sveinsson.

Stefán Haukur Jóhannesson.

Fylgiskjal 1.**Ákvörðun ráðsins 2013/184/SSUÖ****frá 22. apríl 2013****um þvingunaraðgerðir gegn Myanmar/Burma og niðurfellingu ákvörðunar 2010/232/SSUÖ**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 26. apríl 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/232/SSUÖ um að framlengja þvingunaraðgerðir gegn Burma/Myanmar (¹).
- 2) Í ljósi þróunar mála í Myanmar/Burma og til að hvetja til áframhaldandi jákvæðra breytinga, ætti að aflétta öllum þvingunaraðgerðum nema vopnasölbanninu og banninu við viðskiptum með tækjabúnað sem nota má til bælingar innanlands.
- 3) Því ber að fella ákvörðun 2010/232/SSUÖ úr gildi.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

1. Lagt er bann við því að selja, afhenda, tilfæra eða flytja út til Myanmar/Burma vopn og tengd hergögn af hvaða gerð sem er, þ.m.t. vopn og skotfæri, herfarartæki og -búnaður, búnaður sem ekki er ætlaður ríkisher og varahluti í fyrrnefnd tól og tæki, einnig búnaður sem nota má til bælingar innanlands, fyrir milligöngu ríkisborgara aðildarríkjanna eða frá yfirráðasvæðum aðildarríkjanna eða með skipum sem sigla undir fána þeirra eða með loftförum þeirra, hvort sem fyrrnefnd tæki eru upprunnin á yfirráðasvæðum þeirra eður ei.

2. Lagt er bann við því:

- a) að láta í té tæknilega aðstoð, miðlunarþjónustu og aðra þjónustu, sem tengist hernaðarstarfsemi og framboði, framleiðslu, viðhaldi og notkun vopna og tengdra hergagna af hvaða gerð sem er, þ.m.t. vopn og skotfæri, herfarartæki og búnaður, búnaður sem ekki er ætlaður ríkisher og varahlutir í fyrrnefnd tól og tæki, einnig búnaður sem nota má til bælingar innanlands, beint eða óbeint, til einstaklinga eða lögaðila, rekstrareininga eða stofnana í Myanmar/Burma eða til notkunar þar,
- b) að veita fjármagn eða fjárhagsaðstoð, sem tengist herstarfsemi, þ.m.t., einkum og sér í lagi, styrkir, lán og útflutningsgreiðsluvátryggingar, vegna sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings vopna og tengds herbúnaðar, ennfremur búnaðar sem nota mætti til bælingar innanlands eða til að veita tengda tæknilega aðstoð, miðlunarþjónustu og aðra þjónustu, beint eða óbeint til aðila, rekstrareininga eða stofnana í Myanmar/Burma eða til notkunar þar,
- c) að taka þátt, vitandi vits og af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því eða hefur þau áhrif að þau bönn er um getur í a- eða b-lið eru sniðgengin.

2. gr.

1. Ákvæði 1. gr. gilda ekki um:

- a) sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutning óbanvæns herbúnaðar eða tækjabúnaðar, sem nota mætti til bælingar innanlands en er eingöngu ætlaður til nota í mannúðar- eða verndarskyni eða vegna áætlana um stofnanauppbyggingu á vegum Sameinuðu þjóðanna (SP) og ESB, eða hergagna sem eru ætluð til notkunar í hættustjórnunaraðgerðum ESB og SP,
- b) sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutning á búnaði fyrir eyðingu jarðsprengna og hergagna til að nota við eyðingu jarðsprengna og
- c) fjármögnun eða fjárhagsaðstoð sem tengist þess háttar búnaði eða þess háttar áætlunum og aðgerðum,
- d) veitingu tæknaaðstoðar sem tengist þess háttar búnaði eða þess háttar áætlunum og aðgerðum, að því tilskildu að viðkomandi lögbært stjórnvald hafi samþykkt fyrrnefndan útflutning fyrirfram.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um hlífðarfátnað, þ.m.t. skotheld vesti og herhjálmar, sem starfsfólk SP, starfsfólk Evrópusambandsins eða aðildarríkja þess, fulltrúar fjölmiðla og starfsmenn hjálpar- og þróunarstofnana og tengt starfsfólk hefur flutt tímabundið út til Myanmar/Burma, eingöngu til eigin nota.

3. gr.

Ákvörðun þessi gildir til 30. apríl 2014. Hún skal vera í stöðugri endurskoðun. Hana skal framlengja eða henni breyta, eftir því sem við á, telji ráðið að markmiðum hennar hafi ekki verið náð.

4. gr.

Ákvörðun 2010/232/SSUÖ er hér með felld úr gildi.

5. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann dag sem hún er birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Lúxemborg 22. apríl 2013.

Fyrir hönd ráðsins,
C. ASHTON
forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 105, 27.4.2010, bls. 22.

Fylgiskjal 2.

Ákvörðun ráðsins 2014/214/SSUÖ

frá 14. apríl 2014

um breytingu á ákvörðun 2013/184/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Myanmar/Burma

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 22. apríl 2013 samþykkti ráðið ákvörðun 2013/184/SSUÖ ⁽¹⁾.
- 2) Framlengja ætti þvingunaraðgerðirnar til 30. apríl 2015 á grundvelli endurskoðunar ákvörðunar 2013/184/SSUÖ.
- 3) Breyta ætti ákvörðun 2013/184/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á ákvörðun 2013/184/SSUÖ:

Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr.

Ákvörðun þessi gildir til 30. apríl 2015. Hún skal vera í stöðugri endurskoðun. Hana skal framlengja eða henni breyta, eftir því sem við á, telji ráðið að markmiðum hennar hafi ekki verið náð.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Lúxemborg 14. apríl 2014.

Fyrir hönd ráðsins,
C. ASHTON
forseti.

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2013/184/SSUÖ frá 22. apríl 2013 um þvingunaraðgerðir gegn Myanmar/Burma og niðurfellingu ákvörðunar 2010/232/SSUÖ (Stjtið. ESB L 111, 23.4.2013, bls. 75).

Fylgiskjal 3.**Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 401/2013****frá 2. maí 2013****um þvingunaraðgerðir að því er varðar Myanmar/Burma
og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 194/2008**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2013/184/SSUÖ frá 22. apríl 2013 um þvingunaraðgerðir gegn Myanmar/Burma⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórninni,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 194/2008 frá 25. febrúar 2008 um að endurnýja og efla þvingunaraðgerðir vegna Burma/Myanmar⁽²⁾ er kveðið á um að gerðar skuli tiltekna ráðstafanir gagnvart Myanmar/Burma, m.a. takmarkanir á tilteknum útflutningi frá Myanmar/Burma og frystingu fjármuna tiltekinn einstaklinga og rekstrareininga.
- 2) Með ákvörðun 2013/184/SSUÖ samþykkti ráðið, til að hvetja til áframhaldandi jákvæðra breytinga, að aflétta ætti öllum þessum þvingunaraðgerðum nema vopnasölubanninu og banninu við viðskiptum með tækjabúnað sem nota má til bælingar innanlands.
- 3) Því ber að fella úr gildi reglugerð ráðsins (EB) nr. 194/2008 og skal þessi reglugerð koma í stað tiltekinn jákvæða hennar.
- 4) Reglugerð þessi ætti að öðlast gildi þann dag sem hún er birt til þess að tryggja megi að þær aðgerðir sem hún kveður á um skili árangri.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „innflutningur“: hvers kyns koma vara inn á tollsvæði Sambandsins eða önnur yfirráðasvæði sem sáttmálinn gildir um, í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 349. og 355. gr. hans. Þar á meðal telst, í skilningi reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2913/92 frá 12. október 1992 um tollalög Bandalagsins⁽³⁾, geymsla á frísvæði eða í tollfrjálsri vörugæmslu, frestuð tollafgreiðsla vara og frjáls dreifing, en ekki umflutningur og tímabundin geymsla,
- 2) „útflutningur“: hvers kyns brottflutningur vara frá tollsvæði Sambandsins eða öðrum yfirráðasvæðum sem sáttmálinn gildir um, í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 349. og 355. gr. hans. Þar á meðal telst, í skilningi reglugerðar (EBE) nr. 2913/92, brottflutningur vara sem þarfnast tollskýrslu og brottflutningur vara eftir að þær hafa verið geymdar á frísvæði af eftirlitsgerð I eða í tollfrjálsri vörugæmslu, en ekki umflutningur,
- 3) „útflytjandi“: einstaklingur eða lögaðili sem gengið er frá útflutningsyfirlýsingu fyrir, þ.e. sá sem hefur samning við viðtakanda í þriðja landi þegar yfirlýsingin er samþykkt og hefur heimild til að ákveða að hluturinn sé sendur út af tollsvæði Sambandsins eða öðrum yfirráðasvæðum sem samningurinn gildir um,
- 4) „tækniadstoð“: tæknilegur stuðningur í tengslum við viðgerðir, þróun, framleiðslu, samsetningu, prófun, viðhald eða hvers konar önnur tækniþjónusta og getur verið í formi kennslu, ráðgjafar, þjálfunar, yfirfærslu verkþekkingar eða -kunnáttu eða ráðgjafarþjónustu; í tækniadstoð skal einnig felast munnleg aðstoð,
- 5) „yfirráðasvæði Evrópusambandsins“: þau yfirráðasvæði sem sáttmálinn tekur til, samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í sáttmálanum.

1. KAFLI

2. gr.

1. Lagt er bann við því að selja, afhenda, tilfæra eða flytja út, með beinum eða óbeinum hætti, tækjabúnað, sem nota má til bælingar innanlands og um getur í I. viðauka, hvort sem hann er upprunninn í Evrópusambandinu eða ekki, til einstaklings eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í, eða til notkunar í, Myanmar/Burma.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um hlífðarfatnað, þ.m.t. skotheld vesti og hjálmar, sem starfsfólk SP, starfsfólk Evrópusambandsins eða aðildarríkja þess, fulltrúar fjölmiðla og starfsmenn hjálpar- og þróunarstofnana og tengt starfsfólk hefur flutt tímabundið út til Myanmar/Burma, eingöngu til eigin nota.

3. gr.

1. Lagt er bann við því:

- a) að veita tækniástoð, sem tengist herstarfsemi og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota hvers kyns vopn og tengd hergögn, þ.m.t. vopn og skotfæri, herfarartæki og -búnaður, tækjabúnaður sem ekki er ætlaður ríkisher og varahlutir í fyrrnefnd tól og tæki, með beinum eða óbeinum hætti til handa einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum í, eða til notkunar í, Myanmar/Burma,
- b) að veita fjármagn eða fjárhagsástoð, sem tengist herstarfsemi, þ.m.t., einkum og sér í lagi styrkir, lán og útflutningsgreiðsluvátryggingar vegna sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings vopna og tengds herbúnaðar, með beinum eða óbeinum hætti til einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana í, eða til notkunar í, Myanmar/Burma.

2. Lagt er bann við því:

- a) að veita tækniástoð vegna tækjabúnaðar, sem nota mætti til bælingar innanlands, sbr. lista í I. viðauka, með beinum eða óbeinum hætti til hvaða einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er í, eða til notkunar í, Myanmar/Burma,
- b) að veita fjármagn eða fjárhagsástoð í tengslum við tæknibúnað, sbr. lista í I. viðauka, þ.m.t. einkum og sér í lagi styrkir, lán og útflutningsgreiðsluvátryggingar, með beinum eða óbeinum hætti til einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana í, eða til notkunar í, Myanmar/Burma.

3. Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits og af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að þau bönn er um getur í 1. og 2. mgr. eru sniðgengin.

4. Þau bönn sem sett eru fram í b-lið 1. mgr. og b-lið 2. mgr. skulu ekki gefa tilefni til þess að viðkomandi einstaklingar, lögaðilar eða rekstrareiningar verði dregnar til ábyrgðar af neinu tagi ef þessir aðilar vissu ekki, og höfðu enga réttmæta ástæðu til að ætla, að aðgerðir þeirra myndu fara í bága við fyrrnefnt bann.

4. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 3. gr. og með fyrirvara um 5. gr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum, sbr. vefsetrin í II. viðauka, heimilað, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi:

- a) sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutning tækjabúnaðar, sem nota mætti til bælingar innanlands, sbr. lista í I. viðauka, að því tilskildu að hann sé eingöngu ætlaður í mannúðar- eða verndarskyni eða vegna áætlana um stofnanauppbyggingu á vegum Sameinuðu þjóðanna (SP) og Evrópusambandsins eða vegna hættustjórnunaraðgerða Evrópusambandsins og SP,
- b) sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutning á búnaði fyrir eyðingu jarðsprengna og efnis til að nota við eyðingu jarðsprengna og
- c) að útvegað sé fjármagn og veitt fjárhags- og tækniástoð vegna tækjabúnaðar, efnis, áætlana og aðgerða er um getur í a- og b-lið.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 3. gr. og með fyrirvara um 5. gr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum, sbr. lista í II. viðauka, heimilað, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, að veitt sé fjármagn, fjárhagsástoð og tækniástoð vegna:

- a) óbanvæns herbúnaðar sem einungis er til nota í mannúðar- eða verndarskyni eða vegna áætlana um stofnanauppbyggingu á vegum Sameinuðu þjóðanna og Evrópusambandsins,
- b) hergagna sem eru ætluð til notkunar í hættustjórnunaraðgerðum Evrópusambandsins og Sameinuðu þjóðanna,

2. KAFLI

5. gr.

Ekki skal veita heimildirnar, sem um getur í 4. gr., vegna starfsemi sem þegar hefur farið fram.

6. gr.

Framkvæmdastjórnin og aðildarríki skulu, án tafar, miðla upplýsingum með gagnkvæmum hætti um þær ráðstafanir sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari og veita hvort öðru aðrar upplýsingar, sem máli skipta í tengslum við reglugerð þessa, einkum upplýsingar um brot á ákvæðum hennar og vandkvæði samfara framkvæmd hennar, ásamt upplýsingum um niðurstöður innlendra dómstóla.

7. gr.

Framkvæmdastjórnin hefur umboð til að gera breytingar á II. viðauka á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin láta í té.

8. gr.

1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, meðalhófskennd og hafa varnaðaráhrif.
2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar reglur strax eftir að reglugerð þessi öðlast gildi og tilkynna henni um allar breytingar sem kunna að verða gerðar síðar.

9. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilnefna þau lögbæru stjórnvöld er um getur í reglugerð þessari og tilgreina þau á vefsetrunum, sem skráð eru í II. viðauka, eða með tilvísun á þeim.
2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um lögbær yfirlög sín án tafar eftir að reglugerð þessi öðlast gildi og tilkynna henni um allar breytingar sem kunna að verða gerðar síðar.

10. gr.

Reglugerð þessi gildir:

- a) á yferráðasvæði Evrópusambandsins, þ.m.t. í loftþrymi þess,
- b) um borð í loftförum eða skipum sem lögsaga aðildarríkis nær til,
- c) um sérhvern aðila innan eða utan yferráðasvæðis Evrópusambandsins sem er ríkisborgari í aðildarríki,
- d) um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er skráð eða er löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis,
- e) um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, að því er varðar viðskipti sem fara fram, að öllu leyti eða að hluta, innan Evrópusambandsins.

11. gr.

Reglugerð (EB) nr. 194/2008 er hér með felld úr gildi.

12. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. maí 2013.

Fyrir hönd ráðsins,

E. Gilmore

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 111, 23.4.2013, bls. 75.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 66, 10.3.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 302, 19.10.1992, bls. 1.

*I. VIÐAUKI***Skrá yfir búnað sem unnt er að nota til bælingar innanlands
eins og um getur í 2., 3. og 4. gr.**

1. Firearms, ammunition and related accessories therefor, as follows:
 - 1.1. Firearms not controlled by ML 1 and ML 2 of the EU Common Military List ⁽¹⁾;
 - 1.2. Ammunition specially designed for the firearms listed in 1.1 and specially designed components therefor;
 - 1.3. Weapon-sights not controlled by the EU Common Military List.
2. Bombs and grenades not controlled by the EU Common Military List.
3. Vehicles as follows:
 - 3.1. Vehicles equipped with a water cannon, specially designed or modified for the purpose of riot control;
 - 3.2. Vehicles specially designed or modified to be electrified to repel borders;
 - 3.3. Vehicles specially designed or modified to remove barricades, including construction equipment with ballistic protection;
 - 3.4. Vehicles specially designed for the transport or transfer of prisoners and/or detainees;
 - 3.5. Vehicles specially designed to deploy mobile barriers;
 - 3.6. Components for the vehicles specified in 3.1 to 3.5 specially designed for the purposes of riot control.
Note 1: This item does not control vehicles specially designed for the purposes of fire-fighting.
Note 2: For the purposes of item 3.5 the term 'vehicles' includes trailers.
4. Explosive substances and related equipment as follows:
 - 4.1. Equipment and devices specially designed to initiate explosions by electrical or non-electrical means, including firing sets, detonators, igniters, boosters and detonating cord, and specially designed components therefor; except those specially designed for a specific commercial use consisting of the actuation or operation by explosive means of other equipment or devices the function of which is not the creation of explosions (e.g., car air-bag inflaters, electric-surge arresters of fire sprinkler actuators);
 - 4.2. Linear cutting explosive charges not controlled by the EU Common Military List;
 - 4.3. Other explosives not controlled by the EU Common Military List and related substances as follows:
 - (a) amatol;
 - (b) nitrocellulose (containing more than 12,5% nitrogen);
 - (c) nitroglycol;
 - (d) pentaerythritol tetranitrate (PETN);
 - (e) picryl chloride;
 - (f) 2,4,6-trinitrotoluene (TNT).
5. Protective equipment not controlled by ML 13 of the EU Common Military List as follows:
 - 5.1. Body armour providing ballistic and/or stabbing protection;
 - 5.2. Helmets providing ballistic and/or fragmentation protection, anti-riot helmets, antiriot shields and ballistic shields.
Note: This item does not control:
 - equipment specially designed for sports activities;
 - equipment specially designed for safety of work requirements.
6. Simulators, other than those controlled by ML 14 of the EU Common Military List, for training in the use of firearms, and specially designed software therefor.
7. Night vision, thermal imaging equipment and image intensifier tubes, other than those controlled by the EU Common Military List.
8. Razor barbed wire.
9. Military knives, combat knives and bayonets with blade lengths in excess of 10 cm.
10. Production equipment specially designed for the items specified in this list.
11. Specific technology for the development, production or use of the items specified in this list.

⁽¹⁾ Common Military List of the European Union (adopted by the Council on 11 March 2013) (OJ C 30, 27.3.2013, p. 1).

II. VIÐAUKI

**Vefsetur með upplýsingum um þau lögbæru stjórnvöld
sem um getur í 4., 7. og 9. gr. og heimilisfang fyrir tilkynningar
til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins**

Viðaukinn er ekki birtur hér þar sem hann á ekki við, sbr. f-lið 3. gr. reglugerðar þessarar.

B-deild – Útgáfud.: 25. mars 2015